



23. febrúar 2007
SI-32564

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar lána

Í bréfi dags. 12. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar lána, 10. mál.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli viðskiptaráðherra „að hefja nú þegar undirbúning þess að afnumin verði verðtrygging húsnæðislána“. Seðlabanki Íslands getur út af fyrir sig tekið undir það sem segir í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni að stýritæki bankans yrðu að líkindum skilvirkari ef dregið yrði úr verðtryggingu. Að mörgu öðru er hins vegar að hyggja í þessum efnum. Seðlabankinn hefur nokkrum sinnum á undanförunum árum veitt umsagnir til Alþingis um tillögur til þingsályktunar eða frumvörp til laga um afnám verðtryggingar. Þar hefur m.a. komið fram að „afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum til lengri tíma væri ekki heppilegt og yrði skuldurum ekki til hagsbóta.“ Í fyrri umsögnum hefur einnig verið vísað til hjálagðrar greinar um verðtryggingu og fasta vexti sem birtist í riti bankans *Peningamálum* í maí 2003.

Seðlabanki Íslands hefur engu við fyrri umsagnir að bæta en bendir á að besta leiðin til að draga úr óæskilegum áhrifum verðtryggingar sé að tryggja viðvarandi verðstöðugleika.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri